

Fall fallsetninga

Anton Karl Ingason

Pdf-glærur: <http://linguist.is/papers>

Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins og Málvísindastofnunar
HÍ, 2017

Meginpunktar:

- Setningaliðir sem eru sjálfir heilar setningar (tengiliðir; e. *complementizer phrase*, **CP**) geta fengið fall.
- Sú niðurstaða skiptir máli fyrir kenningar um fallmörkun og bendir til þess að hugtakið fallsetning sé vel heppnað.

Helstu gögn – beygingarsamræmi við aukasetningu:

(1) [CP Að hann hefði sigrað] var einu haldið fram.

Efnisyfirlit:

- Inngangur
- Vísbendingar um hulda fallmörkun
- Beygingarsamræmi við aukasetningu
- Fræðilegt samhengi
- Samantekt

Líkindi aukasetninga og nafnliða:

- Nafnliðir geta stundum haft sömu innri formgerð og setningar (Chomsky 1970).
- Ytri dreifing nafnliða og aukasetninga (CP) er svipuð – einkum í íslensku (Höskuldur Þráinsson 1979).

Ef hvað með fall?

- Við fyrstu sýn hafa aukasetningar enga fallmörkun.
- Stundum er talið að þær þurfi ekki fall (Pesetsky 1982) og stundum að þær geti ekki fengið fall (Stowell 1981) – miðað við ákveðið fræðilegt samhengi.

Hvernig ber þá að túlka það þegar aukasetning stýrir fallsamræmi?

(2) [CP Að hann hefði logið og svikið loforð] var báðu haldið fram.

(aths. *báðir/hvor tveggja*)

Vísbendingar um hulda fallmörkun

Af hverju höldum við að *leiðast* taki þágufallsfrumlag?

(3) **Henni** leiddist.

Ósagt frumlag nafnháttarsetningar er ætíð alvöru frumlag:

(4) Hana langar ekki til [að **FOR** leiðast].

Við vitum að FOR er í þgf. því að FOR stýrir þgf.-samræmi:

(5) Strákarnir vonast til [að **FOR** leiðast ekki **öllum** í skóla].

(sjá Halldór Á. Sigurðsson 1991)

Lykilatriði

- Sýnilegt/ápreifanlegt fallsamræmi **FOR** og **öllum** felur í sér veigamikil rök fyrir því að FOR hafi sannarlega fall.

Fall og beygingarsamræmi

Aukasetning í þolfallsstöðu:

- (6) a. María sagði sögu.
b. María sagði [CP að hann hefði komið, séð og sigrað].

Aukasetning í nefnifallsstöðu í þolmynd:

- (7) a. Sagan var öll sögð (af Maríu).
b. [CP Að hann hefði komið, séð og sigrað] var allt sagt.

Aukasetning í þágufallsstöðu:

- (8) a. María hélt þessu fram.
b. María hélt fram [CP að hann hefði sigrað].

Þágufall (orðasafnsfall) germyndarandlags varðveitist í þolmynd:

- (9) Þessu var einu haldið fram.

Beygingarsamræmi við aukasetningu

Fljótandi magnliður samræmist þágufalli nafnliðar:

- (10) a. [Þessu] var einu haldið fram.
b. [Þessu og hinu] var báðu haldið fram.
c. [Þessu, hinu og fleiru] var öllu haldið fram.

Fljótandi magnliður samræmist þágufalli aukasetningar:

- (11) a. [_{CP} Að hann hefði sigrað] var einu haldið fram.
b. [_{CP} Að hann hefði logið og svikið loforð] var báðu haldið fram.
c. [_{CP} Að hann hefði komið, séð og sigrað] var öllu haldið fram.


Hvað vitum við nú?

- Einfaldasta greining á þessu er að aukasetningar geti haft fall.
- Nákvæmari niðurstaða krefst þess að við setjum niðurstöðurnar í víðara fræðilegt samhengi.

Fallmótstöðureglan (e. *Case Resistance Principle*; Stowell 1981)

- **Tilgáta:** Aukasetningar geta ekki birst í fallsæti í setningu og geta ekki fengið falli úthlutað beint.
- Þegar aukasetning virðist vera í frumlagssæti hefur hún í raun færst þaðan með ósýnilegri kjarnafærslu (þ.e. úr rökliðabás) og sporið eftir færsluna fær fall (en ekki setningin sjálf).

(12) [CP Að hann hefði sigrað] var einu haldið fram.



Kjarnafærðar frumlagssetningar?

Hver eru rökin fyrir því að setningar í frumlagssæti kjarnafærast?

- Stowell byggir hér Koster (1978), þ.e. að heilar setningar gangi aðeins í því sem virðist vera frumlagsbás ef sá bás er við hliðina á lausum kjarnabás: Meint S/CP-frumlag er í raun í kjarnabás.
- Rök Kosters byggja á því að í ensku fer það saman að (i) kjarnafærsla er ótæk í aukasetningum og (ii) heilar setningar geta ekki verið (meint) frumlög í aukasetningum.

Þessi röksemdakeðja slitnar í málum þar sem kjarnafærsla er möguleg í aukasetningum (Höskuldur Þráinsson 1979:102):

(13) Jón veit [_{CP} að Harald elskar María].

Lykilatriði

Meintar empirískar vísbendingar um að aukasetning verði að færast úr frumlagsbás í kjarnabás eru ekki fyrir hendi í íslensku.

Andlög forsetninga (sjá Höskuld Þráinsson 1979):

- Hugmynd Stowell um að setning (CP) geti ekki birst í fallsæti passar við að setningar geta ekki verið andlög forsetninga í ensku.
- Þessu atriði er einnig öðruvísi farið í íslensku.

- (14) a. Jón var að hugsa [um [CP að María væri líklega farin]].
b. Ólafur beið [eftir [CP að Helga kæmi]].

Munur á tungumálum? Færibreyta?

- Setning (CP) getur ekki verið andlag forsetningar í ensku.
- Að þessu leyti er empirískur munur á ensku og íslensku.
- E.t.v. getur setning (CP) fengið fall í íslensku en ekki ensku.

Þolfall sem krefst nefnifalls

Í fallakenningum er iðulega gert ráð fyrir að ekki sé hægt að úthluta (venjulegu formgerðar-) þolfalli án þess að einhver liður í setningunni hafi nefnifall (Marantz 2000; sjá einnig Yip o.fl. 1987).

Fallsetning með persónubeygðri sögn:

(15) [Að Gunnar skyldi ekki hafa mætt] drap alveg stemninguna.

Nafnháttarsetning:

(16) [Að syngja of hátt] gæti angrað hana.

(sjá Halldór Á. Sigurðsson 2003; Höskuldur Práinsson 2007:195-196)

Greining

Einfaldasta greiningin á (15) og (16) sem samrýmist svona fallakenningu er að viðkomandi aukasetning sé í nefnifalli.

Fornafn tilvistað sem \emptyset ?

Ein leið til að varðveita fallleysi setninga (CP) er að gera ráð fyrir að þær hefjist alltaf á fornafni

- Fornafnið fær þá alltaf fall en er ýmist tilvistað (e. *realized*) í hljóðkerfisfræðinni sem *því* eða \emptyset .

(17) [DP Því/ \emptyset [CP að hann hefði sigrað]] var einu haldið fram.

Slík greining passar ekki vel við það að (18) (með sýnilegu fornafni) hamlar færslu sem er möguleg í (19) (án fornafns).

(18)*[Þessu viðhorfi]; talaði Jón um [[það [CP að hann hefði haldið fram t_i]].

(19) (?) [Þessu viðhorfi]; talaði Jón um [CP að hann hefði haldið fram t_i].

(sbr. Höskuldur Þráinsson 1979:195–197; Wood væntanlegt)

Fallsamræmi við fljótandi liði er oft talið til marks um að ósögð fornöfn í nafnháttarsetningum hafi fall.

(20) Strákarnir vonast til [að FOR leiðast ekki öllum í skóla].

Hliðstæð dæmi benda til þess að setningar (CP) fái líka fall.

(21) [CP Að hann hefði sigrað] var einu haldið fram.

Niðurstöður

- Setningar (CP) geta fengið fall (og birst í fallabás).
- Hægt er að greina sig frá þeirri niðurstöðu með tæknilegum æfingum, sbr. kjarnafærslu Stowells, en rök sem notuð hafa verið fyrir slíkum æfingum eiga ekki endilega vel við í íslensku.